



Sumarnámskeið Ármanns og Þróttar



Sumarið 2017

Opnað verður fyrir skráningu 19.apríl.

Fjölgreinaskólinn

Boðið er upp á faglegt tveggja vikna námskeið í útivistarparadís Reykjavíkur í Laugardalnum. Á námskeiðum Fjölgreinaskólans fá börnin að kynna fjölmörgum íþróttagreinum í bland við leiki og vettvangsferðir. Mikil áhersla er lögð á hreyfingu og fara börnin fótgangandi sem víðast. Námskeiðið er fyrir börn fædd 2007-2011 og stendur allan daginn. Starfsfólk hefur breiðan bakgrunn úr ólíkum íþróttagreinum.

Skipulögð dagskrá er frá kl. 9-12, góður matur og frjáls leikur í hádeginu á milli og svo aftur skipulögð dagskrá á milli kl. 13-16. Gæsla er í boði á milli kl. 8-9 og kl. 16-17 og er hún gjaldfrjáls. Verð fyrir tveggja vikna námskeið er 25.000 krónur og innifalinn er heitur hádegismatur. Veittur er 15% systkinaafsláttur af lægra gjaldi.

Námskeið í boði:

- Námskeið 1 -12. júní - 23. júní (10 daga námskeið)
- Námskeið 2 - 26. júní - 7. júlí (10 daga námskeið)
- Námskeið 3 - 10. júlí - 14. Júlí (5 daga námskeið)
- Húsið lokað 17.júlí- 28.júlí
- Námskeið 4 - 31. júlí - 4. ágúst (5 daga námskeið)
- Námskeið 5 – 8. Ágúst – 18. Ágúst (9 daga námskeið)

Verð:

- Námskeiðsgjald allur dagurinn (m. hádegismat) 25.000 kr.



Sumarnámskeið Ármanns og Þróttar



Fimleikaskólinn

Boðið er upp á faglegt eins vikna námskeið þar sem að fléttað er saman fimleikum, leikjum, útiveru og öðrum íþróttum. Frábærar aðstæður eru til að stunda fimleika og aðrar íþróttir í kringum fimleikahús Ármanns í Laugardalnum. Námskeið Fimleikaskólans er þannig byggt upp að alla jafna eru fimleikar á morgnana og svo útivera og aðrar íþróttir eftir hádegi. Farið verður í sund, húsdýragarðinn og ýmsar aðrar vettvangsferðir í nágrenninu. Námskeiðið er í boði fyrir börn fædd 2007-2011 og er val um að vera fyrir hádegi eða heilan dag. Starfsfólk á námskeiðinu eru þjálfarar hjá fimleikadeild Ármanns og eru vanir að starfa með börnum á öllum aldri, auk aðstoðarfólks.

Skipulögð dagskrá er frá kl. 9-12, svo er hádegismatur og frjáls leikur, svo er aftur skipulögð dagskrá á milli kl. 13-16. Gæsla er í boði á milli kl. 8-9 og kl. 16-17 og er hún gjaldfrjáls. Verð fyrir vikunámskeið er 13.500 krónur, allur dagurinn og hádegismatur innifalinn, en 6.000 krónur fyrir námskeið bara fyrir hádegi án hádegismatar. Veittur er 15% systkinaafsláttur af lægra gjaldi.

Námskeið í boði:

- Námskeið 1 - 12. - 16. júní
- Námskeið 2 – 19. - 23. Júní
- Námskeið 3 – 26. júní – 30. júní
- Námskeið 4 - 3. júlí- 7. júlí
- Námskeið 5 - 10. júlí - 14. júlí
- Námskeið 6 – 31. júlí – 4. ágúst
- Námskeið 7 - 8. ágúst - 11. ágúst
- Námskeið 8 - 14. ágúst - 18. ágúst

Verð:

- Námskeiðsgjald allur dagurinn (m. hádegismat) 13.500 kr.
- Námskeiðsgjald f. hádegi er 6.000 kr.
- (Námskeið 7 er ódýrara- 4 dagar)

Skráning:

Skráning í fimleikaskólan og fjölgreinaskólan fer fram á:

armenningar.felog.is



Sumarnámskeið Ármanns og Þróttar

Sundnámskeið Ármanns 2017

Sunddeild Ármanns mun bjóða upp á sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum 5-10 ára. Námskeiðin verða haldin í Árbæjarlaug og Laugardalslaug. Verð fyrir námskeið 1,2, 3 er 8500 krónur (10 skipti) 7650 fyrir námskeið 4. (9 skipti).

Sundþjálfarar sjá um námskeiðin og verða leiðbeinendur þeim til aðstoðar í lauginni og sækja börnin inn í sturtur. Foreldrar þurfa að aðstoða börnin við að klæða sig ef þess þarf.

Námskeiðin standa yfir í tvær vikur í senn sem hér segir:

Námskeið 1: 12. júní - 23. júní

Námskeið 2: 26. júní - 07. júlí

Námskeið 3: 10. júlí - 21. júlí

Námskeið 4: 24. júlí - 04. ágúst

Athugið að námskeið 1. fer fram í Laugardalslaug og námskeið 2, 3 og 4 fara fram í Árbæjarlaug.

Tímasetningar eru eftirfarandi:

Árbæjarlaug

5-6 ára kl. 09:15-09:55
5-6 ára kl. 10:00-10:40
6-8 ára kl. 10:45-11:25
8-10 ára kl. 11:30-12:10 (Úti)

Laugardalslaug

5-6 ára kl. 08:15-08:55
5-6 ára kl. 9:00-9:40
6-8 ára kl. 9:45-10:25
8-10 ára kl. 10:30-11:10

Námskeiðisgjald:

2 vikur 8.500 kr

9 skipti 7.650 kr

Skráning er hafin og hægt er að skrá rafrænt á heimasíðu Ármanns ármennningar.is og ganga þarf frá greiðslu í leiðinni. Veittur er 10% systkinaafsláttur.

Fyrirspurnir má senda á harpastefans@gmail.com eða fordmadur@armenningar-sund.is